

## Fundargerð 17. fundar

Föstudaginn 20. nóvember 2020 var haldinn 17. fundur verkefnishóps um Sveitarfélagið Suðurland.

Fundurinn var haldinn í fjarfundi í gegnum Zoom.

Fundinn sátu:

- Anton Kári Halldórsson, formaður
- Arndís Harðardóttir (til kl. 09:26)
- Ágúst Sigurðsson
- Ásta Berghildur Ólafsdóttir (til kl. 09:15)
- Björk Grétarsdóttir
- Christiane L. Bahner
- Egill Sigurðsson
- Einar Freyr Elínarson
- Eva Björk Harðardóttir
- Lilja Einarsdóttir
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
- Páll Tómasson
- Sandra Brá Jóhannsdóttir
- Valtýr Valtýsson
- Þorbjörg Gísladóttir

Auk fulltrúa í verkefnishópnum sátu fundinn Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjórar.

Jón Hrói ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 7.30

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 16. fundar var borin upp og samþykkt án athugasemda.

#### 2. Viðhorfskönnun

Framhald frá síðasta fundi. Trausti Heiðar Haraldsson frá Zenter rannsóknum fór yfir niðurstöður net og símakönnunar könnunarhóps Zenter rannsókna meðal íbúa Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps, Ásahrepps, Rangárbings eystra og Rangárbings ytra.

Bráðabirgðaniðurstöður könnunarinnar voru kynntar á fundi verkefnishóps þann 13. nóvember 2020. Þar kom fram að lægst svarhlutfall var í aldursþópnum 18-24 ára og í Ásahreppi. Niðurstöðurnar gefa til kynna að gera þurfi sérstakar ráðstafanir til að upplýsa fólk á aldrinum 18-35 ára og vekja áhuga á verkefninu.

Trausti fór yfir niðurstöður að fengnum fleiri svörum sbr. fundargerð 16. fundar. Í sveitarfélögunum eru 4.357 einstaklingar 18 ára og eldri. Haft var samband við 2.157 einstaklinga og svöruðu 1.106. Alls samþykktu 877 að svara könnuninni eða 79,7%.

Ákveðið var að birta niðurstöður könnunarinnar. Trausti lagði áherslu á að Zenter rannsóknir fái fylgitexta um túlkun niðurstaðna til yfirlestrar.

#### 3. Tillaga til sveitarstjórna

Umræður um tillögur til sveitarstjórna. Minnisblað ráðgjafa lagt fram og rætt.

Verkefnishópurinn telur að forsendur séu fyrir áframhaldandi viðræðum. Samþykkt að senda tillögu eins og hún er orðuð í minnisblaðinu til þeirra sveitarstjórna sem standa að viðræðunum. Aðrar breytingar voru færðar í minnisblaðið.

Ákveðið að gefa fulltrúum í sveitarstjórnnum aðgang að öllum gögnum verkefnishópsins og starfshópa.

#### **4. Samantekt verkefnishóps og verklok**

Minnisblað ráðgjafa „Samantekt verkefnisins Sveitarfélagsins Suðurland“ lagt fram og rætt. Verkefnishópurinn ræddi og skráði niður það sem gekk vel og það sem gekk miður og þann lærdóm sem við getum dregið af verkefninu. Endanlegum frágangi vísað til næsta fundar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Formaður sleit fundi kl. 10:00